

# Vikufréttir

Vika 12(22.03.2021 – 26.03. 2021)

## Mánudagur

- ✓ Ugluklettur – skólahópur kemur í skólaheimsókn frá kl.8:10 – 10:50
- ✓ Æfingar í sal fyrir árshátíð

## Þriðjudagur

- ✓ Æfingar í sal fyrir árshátíð
- ✓ Unglingadeild sýnir leiksýninguna *Latibær* fyrir unglíngastigið kl. 13:00

## Miðvikudagur

- ✓ Unglíngastig sýnir leiksýninguna *Latibær* í Óðali fyrir
  - yngsta stig kl. 9:15
  - miðstig kl. 10:10

## Fimmtudagur

- ✓ Samræmd próf í stærðfræði kl. 8:30
- ✓ Generalprufa á miðstigi kl. 10:00
- ✓ Sýning fyrir samnemendur á miðstigi kl. 13:15

## Föstudagur

- ✓ Samræmd próf í ensku kl. 8:30
- ✓ Generalprufa á yngsta stigi kl. 8.30
- ✓ Sýning fyrir samnemendur á yngsta stigi kl. 10:10
- ✓ Páskafrí hefst – kennsla hefst aftur samkvæmt stundatöflu þann 6.apríl n.k.

## Spakmæli:

„Stundum er það að forðast vonbrigði erfiðara en að upplifa vonbrigðin“

## Annað:

Á meðan sýningar eru í gangi fara upptökur einnig fram.

Það verða engar sýningar fyrir foreldra en þegar myndbandið er tilbúið, sem verður trúlega ekki fyrr en eftir páska, verður það sent heim þannig að foreldra geta þá séð atriðin

## Stóra upplestrarhátíðin á Vesturlandi



Stóru upplestrarkeppninni í 7. bekk lauk formlega á Vesturlandi þann 18. mars með upplestrarhátíð í Laugargerðisskóla. Þar komu saman, auk heimamanna, fulltrúar Grunnskólans í Borgarnesi, Grunnskóla Borgarfjarðar, Auðarskóla og Heiðarskóla en hver skóli valdi tvo til þrjú fulltrúa til þátttöku. Dómnefnd skipuðu Jón Hjartarson, fulltrúi Radda og Branddís Margrét Hauksdóttir. Í ár var keppnin haldin í 25. sinn og fram kom í máli Jóns að nú myndu Raddir hætta aðkomu að keppninni en vonandi myndu skólar landsins halda þessu góða starfi áfram.

Að þessu sinni voru lesnir kaflar úr bókinni Kennarinn sem hvarf eftir Bergrúnu Írisi Sævarsdóttur og ljóð eftir Kristján frá Djúpalæk. Auk þess fluttu þátttakendur ljóð að eigin vali. Fyrstu þrjú sætin hrepptu þau Aldís Tara Ísaksdóttir Heiðarskóla, Þorsteinn Logi Þórðarson Grunnskólanum í Borgarnesi og Steinunn Bjarnveig Eiríksdóttir Blöndal Grunnskóla Borgarfjarðar. Að vanda reyndist ekki auðvelt að velja sigurvegarana þar sem allir keppendur stóðu sig með miklum ágætum.

Stóra upplestrarkeppnin í 7. bekk hefur, undanfarinn aldarfjórðung, hafist ár hvert á degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember og lokið í mars með því að valdir eru þrjú bestu upplestarar í hverju byggðarlagi, eða í umdæmi hverrar skólaskrifstofu. Hún skiptist í tvo hluta, ræktunarhluta og keppnishluta.

Ræktunarhlutinn er sá hluti upplestrarkeppninnar sem mestu máli skiptir. Hann miðast við tímabilið frá degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember og fram í lok febrúar. Á þessu tímabili er, í skólastarfinu, lögð sérstök rækt við vandaðan upplestur og framburð.

Hátíðarhlutinn er það sem kalla mætti hina eiginlegu „keppni“. Hann er í tvennu lagi. Annars vegar er upplestrarhátíð í hverjum skóla þar sem tveir til þrjú nemendur eru valdir til áframhaldandi þátttöku í keppninni fyrir hönd skólans. Hins vegar er lokahátíð í héraði þar sem koma saman fulltrúar skólanna í héraðinu, einn til þrjú úr hverjum skóla, og lesa ljóð og laust mál sem þeir hafa undirbúið.

Hafa ber í huga að „keppni“ er í raun aðeins formsatriði, nokkurs konar staðfesting á þeim árangri sem náðst hefur í skólastarfinu, og því miklu meir í ætt við uppskeruhátíð. Ekki skiptir máli hver sigrar, heldur það að tekist hafi að virkja nemendur til að vanda upplestur sinn um veturinn.

Úgefandi: Grunnskólinn í Borgarnesi.

Abm.: Guðdís Jónsdóttir